



Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar auglýsir laus störf nemenda vinnuskóla. Öll ungmenni sem stunda nám í grunnskóla í Dalvíkurbyggð fædd á árunum 2001, 2002 og 2003 geta sótt um, einnig ef nemandi á a.m.k. annað foreldri með lögheimili í Dalvíkurbyggð.

Gildi sviðsins eru virðing, metnaður og jákvæðni.

Vinnuskóli hefst 12. júní og er áætlaður starfstími eftirfarandi:

Árgangur 2001: 10 vikur, 6,5 klst. á dag.

Árgangur 2002: 8 vikur, 3,5 klst. á dag

Árgangur 2003: 5 vikur, 3,5 klst. á dag.

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á minni Dalvíkurbyggð,

<http://min.dalvikurbyggd.is/>

Skráning nemenda í vinnuskóla í gegnum Mína Dalvíkurbyggð

Að gefnu tilefni er það tekið fram að allir þeir nemendur sem ætla að sækja um í vinnuskólanum í sumar þurfa að sækja Íslykil til að geta skráð sig á Mína Dalvíkurbyggð. Hann er hægt að nálgast við skráningu inn í Mína Dalvíkurbyggð, eða á www.island.is. Þegar komið er inn í mína Dalvíkurbyggð er notað formið „Atvinnuumsókn“.

Athugið að foreldrar geta ekki sótt um í gegnum sinn Íslykil, þar sem skráning verður sjálfkrafa á kennitölu þess sem skráir sig inn á Mína Dalvíkurbyggð.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður,

Gísli Rúnar Gylfason

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi Dalvíkurbyggðar

gislirunar@dalvikurbyggd.is

460-4900